

Dags:  
01.01.12

## MÓTTAKA NÝRRRA FÉLAGA

Útgáfa 1

### **Markmið / tilgangur:**

Að þeir sem ganga í félagið skráist strax virkir félagar og þátttakendur í félaginu. Kynnist aðstæðum innan þess sem fyrst og finni sig velkomna í félagið.

### **Ábyrgðarmenn:**

Allir félagsmenn

### **Lýsing:**

#### **Móttaka gesta á æfingar.**

Þegar ný andlit birtast á Iðavöllum eða öðrum vettvangi SÍH skal þeim strax veitt athygli af félagsmönnum og ef einhver er í forsvari t.d. æfingastjóri skal hann gefa sig á tal við viðkomandi og kynna lauslega starfsemi félagsins og kosti þess að vera félagi í SÍH.

#### **Nýr félagsmaður.**

Þegar nýr félagsmaður hefur skráð sig í félagið skal hann kynntur fyrir þeirri aðstöðu sem í boði er og því helsta sem félagið hefur að bjóða með því að.

- Bjóða hann velkominn í félagið með handabandi
- Kynna honum aðstöðuna á Iðavöllum með því að ganga með honum um svæðið, sýna honum vélar og tæki og útskýra virkni þeirra

Benda honum á heimasíðu félagsins þar sem hann á að finna m.a.

- kynningu á SÍH sem íþróttafélagi
- öryggis- og umgengisreglur á Iðavöllum
- eintak af lögum félagsins
- dagskrá félagsins
- skyldur félagsmanna